

# Úthlutunarreglur Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF) á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga.

## 1. gr.

Reglur þessar gilda um styrk Fjallabyggðar til UÍF vegna iðkenda aðildarfélaga UÍF 18 ára og yngri, fatlaðra eldri en 18 ára svo og aldraðra.

## 2. gr.

Styrkhæf eru aðildarfélög sem eru fullgildir aðilar UÍF samkvæmt lögum UÍF og hafa mætt á ársþing UÍF árið á undan.

## 3.gr.

Til að hljóta styrk þarf félag að:

- A. bjóða upp á virkt barna- og unglíngastarf og/eða sinni íþróttastarfi fatlaðra 18 ára og eldri og aldraðra. Boðið skal upp á starf fyrir bæði kyn eftir því sem íþróttgreinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til og boðið upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir bæði kyn. Haldnar séu æfingar undir leiðsögn þjálfara.
- B. hafa aðskilið bókhald fyrir barna- og unglíngastarf og starf fullorðinna
- C. hafa boðið upp á íþróttastarfsemi innan UÍF í a.m.k. heilt almanaksár.

## 3. gr. a

Af heildarupphæð árslegs styrks Fjallabyggðar til UÍF renna 5% til reksturs UÍF

## 4. gr.

Árlegum styrk Fjallabyggðar til UÍF vegna aðildarfélaga skal skipt á eftirfarandi hátt:

- a) Grunnstyrkur að upphæð kr. 70.000.- rennur til hvers aðildarfélags
- b) Eftir greiðslu grunnstyrks er 25% skipt eftir fjölda iðkenda 18 ára og yngri, fatlaðra 18 ára og eldri og aldraðra, 65% skiptist eftir umfangi aðildarfélaga vegna barna- og unglíngastarfs. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um hlutfallsskiptingu hvers aðildarfélags þar sem lagt er til grundvallar mat stjórnar á umfangi barna- og unglíngastarfsins, s.s. starfstíma, umfangi æfinga og þjálfunar, umfangi við mótahald og öðru því sem viðkemur virkni aðildarfélaganna í barna- og unglíngastarfi. Loks renna 10% í verkefnasjóð sem er í vörslu stjórnar UÍF. Úthlutanir úr honum eru samkvæmt reglum sjóðsins.

## 5. gr.

Aðildarfélög skulu skila eftirfarandi upplýsingum á til þess gerðu eyðublaði fyrir 31. maí:

1. Fjölda iðkenda og félaga samkvæmt upplýsingum úr skilakerfi ÍSÍ<sup>1</sup>.
2. Lýsingu á virkni félags, nöfnum þjálfara, upplýsingum um æfingar og þátttöku í mótum eða opinberum viðburðum.
3. Ársreikningi síðasta starfsárs.
4. afrit af fundargerð aðalfundar síðasta árs.

Stjórn UÍF er heimilt að meta umsóknir og hafna þeim sem eru byggðar á röngum upplýsingum. **Hafi umsókn ekki verið skilað á tilsettum tíma er umsókn vísað frá.**

Samþykkt á ársþingi 31. maí 2023.

**Skýringar á eyðublaði vegna styrkumsóknar:**

---

<sup>1</sup> Reglugerð ÍSÍ um félaga- iðkenda- og keppendatal

1. Heiti félags
2. Nafn tengiliðar stjórnar, símanúmer og netfang vegna uppgefinna upplýsinga.
3. Upplýsingar um fjölda iðkenda, keppenda og félaga samkvæmt skilakerfi ÍSÍ.
4. Nafn og kennitala iðkenda samkvæmt skilakerfi ÍSÍ.
5. Ársreikningur með aðskildu bókhaldi fyrir barna- og unglingastarf og starf fullorðinna. Mælt er til að bókhaldslyklar ÍSÍ séu notaðir.
6. Lýsing á virkni félags, nöfn, kennitala og menntun þjálfara, upplýsingar um æfingar þ.e. tímalengd þeirra og þátttöku í mótum, opinberum viðburðum og starfstíma í mánuðum talið.  
Æfingatöflur þurfa að fylgja með. Gera þarf grein fyrir heimamótum og mótum annarsstaðar.